



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Samantekt á ofbeldi gagnvart lögreglumönnum árið 2001 - útdráttur

Markmið:


Að fá sem gleggstar upplýsingar um ofbeldi gagnvart lögreglumönnum, þ.e. aðdraganda atvika, skráningu mála, meðferð þeirra og úrbætur sem eru til þess fallnar að draga úr slíkum tilvikum. Fjöldi skráðra brota árið 2001 voru 81 og er það nokkur fækkum frá fyrri árum.

Um ofbeldi gagnvart lögreglumönnum:

Þegar notast er við brotaflokk 301 er vísað til 106. og 107. gr. í XII. kafla alm. hgl., um brot gegn valdstjórninni. Ekki er gert ráð fyrir því í lagatextanum að brotið sé gegn persónum, hvorki lögreglumönnum né öðrum starfsmönnum valdstjórnarinnar.

Skipting mála eftir dögum og tíma sólarhrings:


57 málanna, eða 70,4%, eiga sér stað frá miðnætti til 8 að morgni, 8 mál, eða 9,9%, frá kl. 8 að morgni til 16.00 og 16 mál, eða 19,7%, frá 16.00 til miðnættis. 33 mál eru skráð á sunnudögum, 24 á laugardögum og 24 aðra daga vikunnar. Þó er rétt að taka fram að nokkur þeirra mála sem koma upp virka daga eru í kringum almenna frídaga, svo sem áramót og verslunarmannahelgi.



Skipting mála eftir því hvar þau áttu sér stað:

Mörg málanna hefjast í og við skemmtistaði, heimili og þ.h. 22,2% málanna áttu sér stað á lögreglustöðvum, 14,8% á heimilum og 6,2% á veitingastaðum. 56,8% málanna eru skráð sem „annað“ en þau mál áttu sér m.a. stað utan við skemmti- og veitingastaði, í lögreglubifreiðum, við almenn afskipti lögreglu vegna ökumanna, svo sem vegna ölvunaraksturs, vanrækslu á aðalskoðun bifreiða og fleira.

- Annað
- Lögreglustöð
- Heimili
- Veitingastaður



Meiðsl lögreglumanna:

Í 35 málum urðu lögreglumenn ekki fyrir meiðslum. Í þeim málum lentu þeir í átökum án meiðsla en var í nokkrum tilvikum hótað líkamsmeiðingum, bæði í orðum og einnig var beint að lögreglumanni óhlöðnu skotvopni og ráðist að öðrum með skóflu. 50 lögreglumenn urðu fyrir meiðslum í 46 málum. Meiðsl þeirra voru í flestum tilvikum smávægileg en nokkur tilvik voru alvarlegri og það alvarlegasta þegar lögreglumaður kraup við handtöku drengs og annar kom aðvífandi og sparkaði í höfuð hans af miklu afli. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig meiðsl lögreglumanna í þessum málum atvikuðust.

Orsök meiðslanna							
Meiðsl lögreglumanna	Átök	Bit	Högg m/höfði	Högg	Spark	Vopn	Samtals
Bak	1	1					2
Beinbrot	1						1
Bringa				1			1
Fótur					4	1	5
Handleggur	2	9				1	12
Háls				1			1
Höfuð	2		3	14	5		24
Viða um líkama	2					1	3
Öxl		1					1
Samtals	8	11	3	16	9	3	50

Í floknum vopn er vísað til neðgreindra tilvika:

Lögreglumaður var að reyna að stöðva akstur ölvads ökumanns og hafði opnað hurð bifreiðarinnar til hálfs er ökumaður ók af stað og kastaðist lögreglumaðurinn af bifreiðinni á steypnan vegg.


Lögreglumaður var sleginn með skráninganúmeri í hönd er hann hugðist boða eiganda bifreiðar til skoðunar sem hafði verið vanrækt.

Lögreglumaður var að stíga inn í lögreglubifreið er maður, sem hann ásamt öðrum hafði áður verið að liðsinna, skellti hurðinni á fót hans.

26 lögreglumenn, eða 52%, leituðu til læknis vegna áverka sinna.

Upphaf málanna:

Málin voru flokkuð í sem fæsta flokka til að gefa sem gleggsta mynd af ástandinu. Hér má sjá hvert upphaf málanna er, en flest hefjast þau á að borgarar fara ekki að fyrirmælum lögreglu.



Kærðir:

Flestir þeirra 98 einstaklinga, 82 karlar og 16 konur, sem lögregla kærði vegna brotaflokks 301 eru í yngsta aldurshópnum og gildir það jafnt um konur sem karla og fækkar tilvikunum með aldri. Þegar málin áttu sér stað voru 67 karlar undir áhrifum áfengis, 3 í annarlegu ástandi og 11 allsgáðir og óþekkt með einn. Konurnar voru allar undir áhrifum áfengis. Hér má sjá aldurskiptingu kærðra

